

hvort sjálfur orðið valdur að dauða Gunnars Sigurðar Tryggvasonar eða þá verið hlutdeildarmaður í þeim verknaði.

Hinn 8. marz s.l. var kærði Sveinbjörn úrskurðaður í gæzluvarðhald í allt að 30 dögum. Hinn 5. apríl s.l. var sú vist hans framlengd um allt að 8 vikum, eða til 2. júní s.l., og þann dag var hún framlengd á ný um allt að 8 vikum, eða þar til í dag kl. 1805. Seinasta úrskurðinum var skotið til Hæstaréttar, og var hann staðfestur þar 16. júní s.l.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, og með tilvísun til 67. gr., 1. mgr., 1. og 4. töluliðs, laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála þykir rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist kærða Sveinbjörns um allt að 8 vikum frá lokum varðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurðinum frá 2. júní s.l., eða til mánu dagsins 22. september næstkomandi kl. 1805.

Einnig þykir rétt, að kærði Sveinbjörn sæti því, að sérfræðingur í geðsjúkdómum rannsaki geðheilbrigði og sakhæfi hans.

Ályktarorð:

Gæzluvarðhaldsvist kærða, Sveinbjörns Gíslasonar, framlengist um allt að 8 vikum frá lokum varðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurði, uppkveðnum 2. júní s.l., eða til mánu dagsins 22. september næstkomandi, kl. 1805.

Kærði, Sveinbjörn Gíslason, sæti því, að sérfræðingur í geðsjúkdómum rannsaki geðheilbrigði og sakhæfi hans.

Mánudaginn 18. ágúst 1969.

Nr. 147/1969. **Valdstjórnin**

gegn

Einari Sverri Einarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13.

ágúst 1969, er barst dóminum sama dag, og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. ágúst 1969.

Ár 1969, miðvikudaginn 13. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9 af Sverri Einarssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

I.

Aðfaranótt 10. febrúar s.l. var framið innbrot í kjötbúðina að Laugavegi 32 hér í borg og stolið þaðan m. a. tékkhefti með hlaupareikningseyðublöðum á Verzlunarbanka Íslands, og hafði heftið upphaflega verið afhent með 25 eyðublöðum, en úr því höfðu verið notuð 4 eða 5 eyðublöð. Þetta innbrot er óupplýst, en úr tékkheftinu hafa komið fram 14 falsaðir tékkar.

Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson, Bjarkargötu 10, og Stefán Steinar Vilbertsson, Suðurlandsbraut 75, báðir hér í borg, hafa borið það, að þeir hafi fengið greind tékkaeyðublöð hjá Einari Sverri Einarssyni, Safamýri 65 hér í borg, en hinn fyrrnefndi kveðst í félagi við hann hafa fengið Guðrúnu Sigurðardóttur, Höfðaborg 2 hér í borg, til þess að falsa tékka á 6 greind eyðublöð, og hinn síðarnefndi hefur viðurkennt fölsun 8 þeirra.

Einar Sverrir hefur neitað, að hann hafi látið þá fá tékkaeyðublöðin eða að vita um innbrotið. Saksóknari ríkisins hefur með bréfi, dags. 30. júní s.l., óskað ítarlegri rannsóknar á þessu máli, og er hún í höndum Halldórs Þorbjörnssonar sakadómarar.

II.

Aðfaranótt 10. apríl s.l. var framið innbrot í söluturninn að Háaleitisvegi 108 A hér í borg og gerð tilraun til innbrots í Maddabúð og Eyjabúð, sem eru til húsa á sama stað.

Afgreiðslustúlka í söluturninum taldi, að horfið hefðu tveir 50 kartona kassar fullir af ýmsum tegundum vindlinga og þriðji kassinn, sem væri stærri, en í honum hefðu verið alls konar vindla-

kassar og tvö karton af reyktóbaki. Einnig hefðu horfið um 30 karton af ýmsum tegundum vindlinga úr hillu í geymslu og 30 karton af tyggigúmmí auk 10—15 lausra kartona.

Rannsóknarlögreglan fékk rökstuddan grun um, að Tryggvi Rúnar Leifsson, Selásbletti 14 hér í borg, og Einar Sverrir hefðu framið greint innbrot. Af því tilefni var gerð leit heima hjá Einari Sverri, og við þá leit fundust tveir stórir pappakassar, annar fullur af vindlingum, en hinn með vindlingum og fleiru. Einnig fundust tvær ferðatöskur í eigu móður Einars Sverris, og í þeim voru vindlingar og tyggigúmmí. Var þetta í geymslu í kjallara hússins.

Kærðu viðurkenndu síðan í framhaldi af þessu greint innbrot og þjófnað, en ekki kom til skila allt það, sem talið var, að stolið hefði verið, og neituðu báðir hinir kærðu að hafa tekið meira en það, sem fannst við leitina. Varningur sá, sem komst til skila, var að verðmæti kr. 38.000.00.

III.

Mánudaginn 16. júní s.l. var sýsluskrifstofunni á Eskifirði tilkynnt, að þá um helgina hefði verið framið innbrot í slátur- og frystihús Kaupfélags Héraðsbúa á Egilsstöðum. Var talið, að stolið hefði verið þaðan úr peningakassa kr. 30.000.00—40.000.00. Einnig hurfu nokkrir tékkar. Lögreglan á Egilsstöðum handtók sama dag tvo aðkomumenn í þorpinu, þá Magnús Einarsson, Mosgerði 5 hér í borg, og Einar Sverri. Í framhaldi af handtöku þeirra voru tveir rannsóknarlögreglumenn úr Reykjavík sendir til Egilsstaða til aðstoðar við rannsókn málsins. Magnús og Einar Sverrir höfðu verið að selja grammófónsplötur í þorpinu og höfðu fengið að sofa í húsi Rörsteypunnar á Egilsstöðum nóttina á undan. Aðfaranótt 14. júní s.l. höfðu þeir fengið að sofa í fangageymslu lögreglunnar í Neskaupstað. Þá höfðu þeir í fórum sínum skrufjárn, en vegsummerki á innbrotsstað bentu til þess, að skrufjárn af svipaðri stærð gæti hafa verið notað til þess að spenna upp hurð á skáp, sem peningakassinn var geymdur í. Skrufjárníð fannst ekki í fórum þeirra. Á innbrotsstað fannst skóhælfar í plastplötu, sem var innan við glugga þann, sem farið var inn um. Rannsóknir tæknideildar rannsóknarlögreglunnar hafa leitt í ljós, að farið sé eftir skóhæl af sömu stærð og skór Magnúsar Einarssonar. Vitni báru það, að Einar Sverrir hefði sétt á gangi í nágrenni þorpsins að morgni 16. júní, en þá kvaðst hann hafa verið sofandi í Rörsteypunni.

Báðir neituðu hinir grunuðu að vera valdir að innbrotinu. Voru þeir úrskurðaðir í allt að 10 daga gæzluvarðhald í sakadómi Suður-Múlasýslu um miðnætti aðfaranótt 17. júní s.l. Sá úrskurður var framlengdur í sakadómi Reykjavíkur 26. júní s.l. í allt að 7 dögum. Voru þeir látnir lausir úr gæzlu að þeim tíma loknum, en rannsókn hélt áfram. Magnús hóf síðan í framhaldi af gæzlunni afplánun eftirstöðva fangelsisrefsingar.

Sunnudaginn 13. júlí s.l. bárust rannsóknarlögreglunni fregnir af því, að Einar Sverrir hefði sézt í leigubifreið frá Bæjarleiðum í Reykjavík ásamt öðrum farþega fimmtudaginn 10. júlí á milli kl. 1700 og 1800, en þá hefði bifreiðin verið stödd á Akureyri.

Rannsóknarlögreglunni þótti ekki ólíklegt, að Einar Sverrir hefði verið á leið til Egilsstaða til að sækja þýfið. Lýsing á félaganum Einars Sverris þótti eiga við Hallgrím Eyfells Guðnason, Bjargarstíg 5 hér í borg. Voru hann og Einar Sverrir handteknir hér í borginni að kvöldi sunnudagsins og rannsókn hafin á ferðum þeirra. Viðurkenndu þeir að hafa farið til Egilsstaða frá Reykjavík 10. júlí s.l. í leigubifreiðinni R 14241 ásamt Jóni Sveinssyni leigubifreiðarstjóra, Eskihið 12 A hér í borg. Voru Einar Sverrir og Hallgrímur úrskurðaðir í gæzluvarðhald næsta dag, enda bar ekki saman framburðum þeirra um ferðina.

Jón Sveinsson kvaðst hafa ekið þeim til Egilsstaða. Var farið úr borginni greindan fimmtudag á milli kl. 1200 og 1300 og komið til Egilsstaða um nóttina. Sagði Einar Sverrir Jóni, að hann mætti ekki koma til Egilsstaða, fyrr en allir væru sofnaðir. Eftir tilvísan Einars Sverris var ekið inn í Egilsstaðaskóg, og hvarf hann inn í hann einsamall og kom aftur eftir u. þ. b. tvo tíma. Eftir hádegi næsta dag var Einari Sverri aftur ekið í skógin, og þrem tímum síðar fóru Jón og Hallgrímur að sækja hann. Kom hann þá út úr skógarþykkninu og hafði meðferðis gagnsæjan plastpoka, sem í var mikið af peningum og tékkum. Jón sagði, að Einar Sverrir hefði sagt sér, að peningarnir væru stálheiðarlega fengnir, og við komuna til Reykjavíkur greiddi hann honum fyrir ferðina kr. 13.700.00, en fékk hluta af henni lánaðan. Síðar sagði hann Jóni, að hann hefði brotízt inn í slátur- og frystihúsið á Egilsstöðum ásamt Magnúsi Einarssyni.

Í fyrstu neitaði Hallgrímur vitneskju um þýfið, en síðar breytti hann þeim framburði sínum og viðurkenndi, að förin hefði verið farin að frumkvæði Einars Sverris til þess að sækja það. Hallgrímur sagði, að Einar Sverrir hefði við komu sína í bilinn með plastpokann sagt, að þetta væru peningar og tékkar úr innbroti

í þorpinu, og hann hefði tekið það skýrt fram, að þar hefði hann verið að verki ásamt Magnúsi Einarssyni.

Einar Sverrir neitaði að hafa farið til Egilsstaða í þeim tilgangi að sækja þangað þýfi og mótmælti framburði Jóns og Hallgríms um það efni.

18. júlí s.l. var gerð að nýju leit heima hjá foreldrum Einars Sverris, en áður hafði verið gerð þar leit í herbergi hans sjálfs 14. s. m. Við nákvæma leit í klæðaskáp á gangi í svefnherbergis-álmu íbúðarinnar fundust tvö umslög, sem hafði verið stungið ofan við rennihurðarjárnin í skápnum, þar sem ómögulegt var að sjá þau framan frá. Umslögnum hafði verið stungið þar í rauf, sem er við milligerð í skápnum innan við framstykkið. Í öðru umslaginu voru 10 tékkar, sem stolið var í áðurgreindu innbroti, en í hinu voru 9 ónotuð tékkaeyðublöð úr tékkhefti, sem stolið var í innbroti hjá Alþýðublaðinu aðfaranótt 1. júní s.l.

Einari Sverri var kynntur fundur áðurgreindra tékka og tékkaeyðublaða, og í fyrstu kvaðst hann ekkert við hann kannast, en síðar breytti hann framburði sínum og sagði framburð Jóns Sveinssonar í meginatriðum réttan. Kvaðst hann hafa farið til Egilsstaða þeirra erinda að finna peninga og tékka í Egilsstaðaskógi, eða öllu heldur í nágrenni hans.

Kvaðst hann hafa vitað, að þeir væru úr innbroti í slátur- og frystihús Kaupfélags Héraðsbúa, en þó kvaðst hann ekki hafa vitað, hvar peningana var að finna, og hefði hann verið mjög lengi að finna þá. Hann sagðist hafa að lokum fundið þýfið í gömlum rústum á eyðibýli, sem hann taldi til hægri við veginn, sem liggur til Reyðarfjarðar. Var það í plastpoka, og taldist honum til, að það væri á milli 23 og 24 þúsund í peningum og nokkrir tékkar fyrir upp undir 20 þúsund krónur. Ekki vildi hann viðurkenna innbrotið.

Einar Sverrir kvaðst hafa verið snemma á ferli að morgni 16. júní s.l., en á meðan hafi Magnús sofið í Rörsteypunni. Hitti hann þá mann, sem hann segir, að sé kallaður Alli, og kveðst hann hafa þekkt hann frá því snemma á árinu 1968, en þá hafi þeir verið saman við drykkju í herbergi Alla á 2. hæð í blokk einni við Meistaravelli hér í borg. Alli kvaðst vera á bát frá Neskaupstað, og fannst kærða hann laumulegur og þóttist vita, að hann hefði eitthvað óhreint í pokahorninu, enda bauð Alli kærða kr. 2.000.00 í peningum, ef hann vildi þegja yfir því, að hann hefði séð sig. Kærði vildi vita meira, og sagði Alli þá kærða, að hann hefði framið margnefnt innbrot. Kærði vildi ekki þegja

yfir þessu fyrir kr. 2.000.00, og með hótun um að kæra Alla til lögreglunnar fékk hann að vita, að þýfið væri falið í plastpoka í eyðirústum skammt frá skóginum. Samdist með þeim, að þeir skyldu skipta með sér þýfinu síðar.

Rannsóknarlögreglan hefur látið leita að nefndum Alla, en sú leit hefur ekki borið árangur.

IV.

Eins og greinir hér að framan, fundust við leit á heimili Einars Sverris 18. júlí s.l. 9 ónotuð tékkaeyðublöð úr tékkhefti, sem stolið var í húsakynnum Alþýðublaðsins aðfaranótt 1. júní s.l., en þá var m. a. stolið þaðan 6 tékkheftum með samtals 138 ónotuðum eyðublöðum. Sjálfst er innbrotið óupplýst.

9. júní s.l. var Þorsteinn Þórður Sigurðsson, Kaplaskjólsvégi 54 hér í borg, handtekinn í húsakynnum Sparisjóðs Kópavogs, en þar var hann að reyna að selja falsaðan tékka að fjárhæð kr. 8.000.00, og var hann gefinn út á eitt þeirra eyðublaða, sem stolið var í greindu innbroti og einmitt úr sama hefti og eyðublöð þau, er fundust á heimili Einars Sverris.

Rannsóknarlögreglunni hafa þorizt 4 aðrir falsaðir tékkar á eyðublöð úr áðurgreindu hefti. Er samanlögð fjárhæð allra 5 tékkanna kr. 23.750.00. Allir eru þeir eins úr garði gerðir, vélritaðir með undirskriftinni Hannes Jónsson sem útgefanda.

Kærði kveðst gera sér það ljóst, að enginn annar en hann geti hafa falið eyðublöðin í skápnum. Ekki kveðst hann geta gefið neina skýringu á því, hvernig hann hafi komizt yfir þau, og harðneitar að hafa framið innbrotið eða vita, hver það hafi gert. Þá kveðst hann alveg viss um, að hann hafi ekki fyllt út neinn þeirra tékka, sem falsaðir hafa verið.

Rannsóknarlögreglan tók í sínar vörzlur 25. júlí s.l. ritvél á heimili kærða og í eign föður hans. Faðir hans upplýsti, að ritvélin hefði verið á heimilinu, frá því að dóttir sín hefði lokið skólanámi í vor og þar til um miðjan júní s.l., að hún var flutt á skrifstofu hans.

Tæknideild rannsóknarlögreglunnar hefur rannsakað ritvélinu og tékkana, og er niðurstaða fyrstu rannsóknar sú, að allir greindir fimm tékkar séu vélritaðir á sömu ritvél og að það sé áðurgreind ritvél.

V.

Aðfaranótt 7. júlí s.l. var Einar Sverrir handtekinn á baklóð verzlunarinnar Kjöt & Fiskur að Þórgötu 17 hér í borg. Í fórum

kærða, sem var ölvaður, fundust sporjárn, hnífur, segulstál og hanzkar. Kærði neitaði að hafa verið í innbrotshugleiðingum, en kvaðst hafa verið að leita að stúlku að nafni Jóna, sem ætti heima þarna í nágrenninu. Ekki var hann þó viss um, hvar hún ætti heima, og hefur hún ekki fundizt.

VI.

13. júlí s.l. gerði rannsóknarlögreglan leit hjá Hallgrími Eyfells Guðnasyni, Bjargarstíg 5. Í smáskúr við húsið fundust 5 trésmíða-þvingur.

Hallgrímur hefur viðurkennt að hafa stolið þeim með því að brjótast inn í skúr á Grandagarði í félagi við Einar Sverri.

Einar Sverrir neitaði þessu í fyrstu, en síðar hefur hann breytt þeim framburði sínum og vill eigi neita því, að þetta kunni að vera rétt.

VII.

Einar Sverrir var dæmdur í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu hinn 14. nóvember 1968 í 2 ára fangelsi fyrir brot á 155. og 244. gr. alm. hegningarlaga. Samkvæmt upplýsingum bæjarfógetans í Hafnarfirði hefur kærði óskað þess, að þeim dómi verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Kærði var látinn laus af Litla Hrauni úr afplánun 8. janúar s.l.

VIII.

Af því, sem rakið hefur verið hér að framan, er ljóst, að rannsókn mála þessara er umfangsmikil og hvergi nærri lokið, og af sakaferli kærða má ráða, að hann sé vanaafbrotamaður.

Þykir því með tilvísun til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 nauðsyn til bera að úrskurða hann í áframhaldandi gæzluvarðhald, svo að hann spilli eigi sakargögnum með óskertu frelsi svo og til að koma í veg fyrir, að hann haldi áfram brotum, á meðan málum hans er eigi lokið, en brot þau, sem hann er kærður fyrir, varða við XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga og geta varðað fangelsi.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum frá kl. 1833 13. ágúst 1969, en þá rennur út gæzluvarðhaldstími kærða samkvæmt fyrri úrskurði.

Ályktarorð:

Kærði, Einar Sverrir Einarsson, skal sæta gæzluvarðhaldi í allt að 90 dögum frá kl. 1833 13. ágúst 1969.